

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 2002

4. febrúar 2002

193

Nr. 82

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

Í 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr.:

Í 2. málsli b-liðar 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 250“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

25. janúar 2002

Nr. 83

REGLUR

um bráðabirgðaskráningu skipa sem eru í smíðum eða eru ófullgerð að öðru leyti.

1. gr.

Siglingastofnun Íslands heldur sérstaka skrá yfir skip sem eru í smíðum eða eru ófullgerð að öðru leyti.

2. gr.

Skip skv. 1. gr. verða einungis skráð samkvæmt beiðni eiganda skipsins, skipasmiðar eða skipasmíðastöðvar. Óski eigandi skips skv. 1. gr. eftir skráningu ber honum að leggja fram yfirlýsingu frá skipasmiðnum eða skipasmíðastöðinni um samþykki fyrir skráningu.

unni. Á sama hátt ber skipasmiðnum eða skipsmíðastöðinni að leggja fram skriflegt samþykki eiganda (kaupanda) skipsins fyrir skráningunni.

Skip verður ekki skráð nema fyrir liggi yfirlýsing Siglingastofnunar Íslands um að skip sé komið svo langt á veg að hægt sé á tryggilegan hátt að sérgreina skipið. Þó verða skip skv. 1. gr. ekki skráð nema að lokið hafi verið við byrðing, búið að bandsetja eða skipið komið á sambærilegt byggingarstig.

Þá verður skip ekki skráð nema að það sé skráningarskylt skv. 1. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum.

3. gr.

Í skránni skal greina um hvert skip:

1. Fyrirhugað nafn og heimahöfn.
2. Smíðaár.
3. Smíðastað.
4. Gerð skipsins.
5. Fullt nafn og heimilisfang eigenda skipsins. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.

4. gr.

Þegar skipið er skráð á aðalskipaskrá skal aflétta bráðabirgðaskráningunni.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 og öðlast þegar gildi.

Siglingastofnun Íslands, 25. janúar 2002.

Hermann Guðjónsson.

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 612/2001, eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á fyrri árshelmning 2002 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna II.-hluta námskeiðs kr. 60.000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.